



Reglur um dagþjónustu við fatlað fólk

1. kafli

Almenn atriði

1. gr.

Tegund þjónustu

Reglur þessar taka til:

- Hæfingar sem veitt er á grundvelli 26. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- Starfsþjálfunar og verndaðrar vinnu á grundvelli 30. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið

Markmið þjónustu er að veita einstaklingum með fötlun þjálfun og stuðning sem miðar að því að auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi eða á almennum vinnumarkaði.

3. gr.

Forsendur

Þjónustan er ætluð fyrir einstaklinga með fötlun sem eiga lögheimili í Kópavogi og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa náð 18 ára aldri.
- Hafa varanlega örorku.

4. gr.

Starfstöðvar og þjónusta

Dagþjónustu er hægt að sækja á öllu höfuðborgarsvæðinu óháð lögheimili. Þjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamninga milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um hæfingu, dagvist, starfsþjálfun og verndaða vinnu. Í sveitarfélaginu eru reknar tvær hæfingarstöðvar og einn starfsþjálfunarstaður.

2. kafli

Hæfing

5. gr.

Skilgreiningar

Hæfing er dagþjónusta fyrir einstaklinga sem eru með fötlun og þurfa þjálfun, afþreyingu og umönnun sem miðar að því að auka virkni þeirra í daglegu lífi og möguleika til þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum.

3. kafli

Starfsþjálfun

6. gr.

Skilgreiningar

Starfsþjálfun er dagþjónusta fyrir einstaklinga sem stefna út á almennan vinnumarkað en fá tækifæri til að þjálfa færni í vinnubrögðum, starfsvenjum og félagslegum samskiptum og byggja upp starfsþrek. Undanfari starfsþjálfunar er starfsprófun til að meta starfsgetu, áhuga og starfsmöguleika.

4. kafli

Málsmeðferð og gildistaka

7. gr.

Umsóknarferli

Umsókn um þjónustu þarf að vera skrifleg. Umsóknareyðublað fæst í afgreiðslu Félagsþjónustunnar og á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.

8. gr.

Mat og afgreiðsla

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið í viðtal til að afla frekari upplýsinga. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum, með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem fram kemur mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning.

Að loknu mati á þjónustubörf er umsókn lögð fyrir deildarfund þjónustudeildar fatlaðra þar sem ákvörðun um afgreiðslu umsóknar er tekin. Sé umsókn samþykkt er henni vísað til sérstaks teymis sem tekur ákvörðun um þjónustu í samráði við viðkomandi starfsstöð. Sé umsókn hafnað á deildarfundi skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti.

Umsækjanda er tilkynnt afgreiðsla deildarfundar með formlegum hætti. Umsækjanda skal bent á áfrýjunarrétt til félagsmálaráðs.

9. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun um afgreiðslu umsóknar til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða félagsmálaráðs liggur fyrir.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt XI. kafla laga um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs 5. maí 2011.